

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/544*  
*komudagur 5.12.2002*

**Félagsíbúðir iðnnema**  
**Hverfisgötu 105**  
**101 Reykjavík**

**Sími 551-0988**  
**Fax 551-4411**

Reykjavík 4. desember 2002

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um húsnæðismál, 370. mál, niðurfelling skulda.

Félagsíbúðum iðnnema (FÍN) barst bréf yðar dagsett þann 3. desember 2002 til umsagnar og fylgja hér með athugasemdir félagsins til nefndarinnar.

FÍN hóf starfsemi árið 1991 og leigir í dag út 26 íbúðir og 32 herbergi til iðn- og verknámsnema. Þar sem nemar í iðn- og verknámi eru á öllum aldri eru íbúðirnar eingöngu ætlaðar fjölskyldufólki bæði utan af landi og frá höfuðborgarsvæðinu en herbergin eru eingöngu ætluð nemum utan af landi. Nýting FÍN hefur í gegnum árin verið um 99% og komast mun færri að en vilja. Iðn- og verknámsnemar utan af landi sem stunda nám í Reykjavík á hverri önn eru frá 5-600 manns og því mikil þörf á húsnæði fyrir iðn- og verknámsnema utan af landi.

Það er brýnt hagsmunamál allra nema, hvort heldur er við Háskólann, sérskólum eða í iðn- og verknámi sem geta eingöngu stundað nám sitt á höfuðborgarsvæðinu, að hafa öruggt og ódýrt húsnæði meðan á námi stendur.

FÍN hefur undanfarin ár reynt að leita leiða til að tryggja rekstur félagsins með þátttöku sveinafélaga, kröfuhafa, ríkisins og fleiri án árangurs þótt ekki hafi mikið staðið í milli. Forsvarsmenn FÍN leituðu til nýskipas menntamálaráðherra s.l. vor þegar sýnt var að ekki væri unnt að halda áfram rekstri félagsins næstkomandi skólaár nema með utanaðkomandi aðstoð. Í framhaldinu var skipuð fjögurra manna ráðherra nefnd sem fór ítarlega yfir fjárhagslega stöðu FÍN og rekstur félagsins undanfarin ár. Niðurstaða nefndarinnar var sú að heimila ætti Íbúðalánasjóði að afskrifa hluta af skuldum félagsins með einhverjum hætti og tryggja áframhaldandi rekstrargrundvöll þess. Ákvörðun nefndarinnar tryggir hagsmuni beggja aðila en ljóst er að Íbúðalánasjóður mun tapa verulegum fjárhæðum ef félagið færi í gjaldþrot fyrir utan gífurlegan kostnað sem slíkt myndi hafa í för með sér, en lang flest lán Íbúðalánasjóðs eru á 2. veðrétti vegna mistaka við útgáfu bréffanna á sínum tíma og þinglýsingarmistaka. Af hálfu FÍN verður áframhaldandi rekstur félagsins tryggður og félagið getur haldið áfram að útvega nemum utan af landi hagstætt húsnæði á höfuðborgarsvæðinu sem þeir eiga kröfu til auk þess


sem félagið getur vonandi haldið áfram frekari uppbygginu með hagkvæmari húsnæðum. FÍN skorar því á framsögumenn frumvarpsins, félagsmálanefnd og aðra þingmenn að þeir greiði atkvæði með afgreiðslu frumvarpsins sem heimilar Íbúðalánasjóði að afskrifa skuldir félagasamtaka og stuðla þannig að bættri stöðu námsmanna og leiðrétti aðstöðu nema utan af landi til menntunar óháð búsetu og/eða námi.

Tæplega 18% fjármögnunar FÍN er á almennum markaði og er svo komið að FÍN getur ekki lengur staðið undir þeim fjármagnskostnaði sem því fylgir. FÍN stendur frammi fyrir gjaldþroti komi ekki til aðstoð utan frá en hækkun húsaleigu dugir ekki enda er hún nú þegar hærri en hjá Félagsstofnun Stúdentna og Byggingarfélagi námsmanna. Hið háa hlutfall fjármögnunar á almennum markaði er að hluta til fortíðarvandi þar sem farið var langt fram úr fjárhagsáætlunum við endurbætur á óhentugum húsnæðum t.d. Bjarnaborg. Undanfarin ár hefur félagið lækkað rekstrarkostnað umtalsvert, skuldbreytt lánunum og viðhaldskostnaði hefur verið haldið í lágmarki.

Í ljósi fjölda umsókna um bæði íbúðir og herbergi undanfarið er ekki vanþörf á að fjölga enn frekar aðstöðu iðn- og verknámsnema á höfuðborgarsvæðinu og hafa aðstandendur FÍN mikinn áhuga á frekari uppbyggingu í úthverfum og nágrenni Reykjavíkur með hagkvæmum húsnæðum. Það má benda á að iðn- og verknámsnemar á landsbyggðinni hafa aðgang að ríkisreklum heimavistum en sá aukni fjöldi iðn- og verknámsnema sem verður að stunda eða klára nám sitt á höfuðborgarsvæðinu með tilkomu kjarnaskóla eykst stöðugt, án þess að hugsað hafi verið til húsnæðisvanda þessara nema.

Stjórn FÍN vill beina því til félagsmálanefndar, flutningsmanna og annarra þingmanna að tekið verði tillit til hagsmuna iðn- og verknámsnema til jafns við aðra nema í landinu og samþykki fyrirleggjandi frumvarp.

Virðinagrýllst  
f.h. stjórnar FÍN



Agusta R. Jónsdóttir,  
Stjórnarformaður FÍN